

## GJALDSKRÁ

**velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir stuðningsþjónustu.**

1. gr.

*Upphæð gjalds.*

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna stuðningsþjónustu í formi þrifa á heimili er kr. 1.470.

Þjónusta í formi þrifa sem er umfram sex vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

2. gr.

*Undanþága frá greiðslu.*

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

Þeir notendur stuðningsþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða samsvarandi fjárhæð greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

3. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá sama efnis, nr. 1056/2022.

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 15. nóvember 2022.*

**Einar Þorsteinsson** e.u.

B-deild – Útgáfudagur: 30. nóvember 2022